

Hafnarskógur- Hafnarfjall

Laugardaginn 19. september n.k. verður farinn 16. og síðasti áfanginn í raðgöngu FÍ á leiðinni Reykjavík- Kjalarnes- Hvalfjörður- Borgarnes, sem hófst þann 12. janúar sl. við hið nýja húsnæði félagsins að Mörkinni 6 í Reykjavík. Í þessum áfanga verður gengið frá Hafnará að Seleyri, en þar er syðri sporður brúarinnar yfir Borgarfjörð. Eins og áður er boðið upp á tvo möguleika; að ganga meðfram ströndinni um Hafnarskóg, eða yfir Hafnarfjall, sem er við hæfi þeirra er vilja hafa brattann í fangið.

Hafnará kemur úr Hafnardal, er skerst inn í Hafnarfjall sunnanvert, og fellur í Borgarfjörð norðan við túnið á bænum Höfn. Að jafnaði er hún lítil og meinleysisleg en í leysingum og rigningatíð getur hún orðið að skaðræðisfljóti. Bærinn Höfn stendur lágt skammt frá sjó. Þar bjó Hafnar-Ormur fyrstur manna að sögn Landnámabókar. Nam hann "lönd um Melahverfi út til Aurriðaár og Laxár og inn til Andakílsár". Grjóteyri, næsti bær við Höfn, er við fjörðinn innanverðan. Er sú bæjarleið ærið löng. Var því oft gestkvæmt í Höfn áður fyrr, þegar ferðamenn leituðu sér þar gistingar í hrakviðrum.

Leiðin inn með ströndinni er áhugaverð, Borgarfjörðurinn með skerjum og hölmum á vinstri hönd en á hina kjarr og lágvaxinn skógur, sem gefa landinu mildan og hlýlegan svip. En uppi yfir gnæfa vesturhlíðar Hafnarfjallsins, hömrum girtar efst við brúnir en neðan þeirra eru brattar og lausar grjótskriður, lítt færar gangandi mönnum.

Þegar leiðin er rúmlega hálfnuð er komið að langri og mjórri sandeyri, sem gengur úr í fjörðinn. Heitir hún Straumeyri. Fyrr á öldum munu hafa verið tvö býli á þessum slóðum. Kotið Straumur eða Straumnes stóð rétt við eyrina en annað litlu innar sem nefndist Bergþórsbæli.

Seleyri er ekki löng en nokkuð breið. Þegar verslun hófst í Borgarnesi á síðari hluta 19. aldar þótti bændum sunnan Hvítár kaupstaðarferðin erfið. Þá brugðu kaupmenn á það ráð að reisa verslunarhús á eyrinni og flytja þangað vörur til hagræðis fyrir viðskiptavinum sína. Verslunin fór aðallega fram vor og haust, en einnig tíðkaðist, að menn kæmu með hesta sína, og geymdu þá þar meðan þeir fóru á bát yfir fjörðinn til að sinna sínum viðskiptum. En þegar Hvítá var brúuð hjá Ferjukoti skömmu fyrir 1930 lagðist þessi verslun á Seleyri niður. Borgfirðingar minnst Seleyrar einnig með öðrum hætti. Eftir að bílarnir komu til sögunnar hafa menn, víða að úr héraðinu, sótt þangað mól í steinsteypu, en Seleyrarmöl þykir henta mjög vel til þeirra nota.

Ekki er ólíklegt að fjallgöngumennirnir hafi hug á að sigra Hafnarfjall í þessari ferð. Eins og fyrr er sagt er vesturhlíð þess brött og skriðurunnin og ekki fýsileg uppgöngu. En frá mynni Hafnardals, þar sem áin fellur fram úr dalnum í djúpum gljúfrum er góð gönguleið upp fjallið sunnanvert. Er þá fylgt vesturbrúnum þess upp í 791 m y.s. (Hæsti tindur fjallsins er litlu austar 844 m y.s.) Álíka greiðfær leið er af því norðanverðu niður að Seleyrará, sem fellur í Borgarfjörð skammt innan við Seleyri. Af Hafnarfjalli er mikið og frítt útsýni því fjallahringurinn sem umlykur lágsveitirnar inn frá norðanverðum Faxaflóa blasir við allt frá Snæfellsjökli í vestri að Skarðsheiði í austri.

Þegar vegfarendur eiga leið undir Hafnarfjalli fer ekki hjá því að þeir festi sjónir á ljósleitu hamranefi sem skagar út úr skriðunum. Heita klettur þessir Flyðrur. Í

þeim er granófýr, en það er eins konar granít sem hefur storknað djúpt í jörðu. Nafnið er all sérkennilegt, en þjóðsagan kann skýringu á því. Fyrrum bjó bóndi einn í Rauðanesi í Borgarhreppi, við vestanverðan fjörðinn. Eitt vor var sultur í búi hans. Á páskadag var stillt veður. Tók hann þá bát og reri til fiskjar. Aflinn var tvær flyðrur og einn þorskur. Komu fiskarnir honum að góðum notum og bar ekki til tíðinda þótt helgi dagsins hefði verið rofin. Á páskadag árið eftir reri bóndinn enn, þótt hann hefði ekki til þess brýna þörf. Aflinn var sem fyrr, tvær flyðrur og einn þorskur. En þegar hann ætlaði að flytja fiskana heim hurfu þeir og urðu að klettum í Hafnarfjalli. **"Klettur þessir standa í miðjum skriðum í Hafnarfjalli vestanverðu og eru tilsýndar af firðinum mjög líkir flyðrum tveimur og einum þorski og er önnur flyðran hærri en önnur. Þær eru rétt samhliða. Þorskurinn er austastur og lítið eitt hærra upp í fjallinu en flyðrurnar".** (Þjóðs. Jóns Árnasonar).

Brúin yfir Borgarfjörð, frá Seleyri að Borgarnesi var byggð á árunum 1975-80. Hún er næst lengsta brú landsins, 520 m á lengd. Þótt deildar meiningar væru um ágæti þessarar fjárfestingar á sinni tíð hafa þær raddir hljóðnað, því reynslan er ólygnust. Brúin þjónar einnig fleiri verkefnum en umferðinni, því undir henni er ýmsar leiðslur m.a. fyrir heitt og kalt vatn.

Tómas Einarsson,
Bollagötu 6 (s. 20596)